

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Menningarsjóð Hallsteins Sigurðssonar.

1. gr.
Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Menningarsjóður Hallsteins Sigurðssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.
Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í sveitarfélaginu Reykjavíkurborg.

3. gr.
Markmið.

Markmið sjóðsins er að nýta fasteignina Ystasel 37, fnr. 2054432, í Reykjavík en fasteignin samanstendur af íbúðarhúsi, vinnustofu myndhöggvara, geymsluhúsnæði og höggmyndagarði. Húsnæðinu skal ráðstafað tímabundið til myndlistarmanna sem fast við sköpun þrívíðra listaverka, m.a. myndhöggvara. Stjórnin setur nánari reglur um afnot af húsnæðinu. Ráðstafa skal fjármunum sjóðsins til þess að reka fasteignina og styrkja myndlistarmenn sem vinna í þrívíðu formi til námsdvalar.

Sama gildir um ráðstöfun annars fjármagns sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.
Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Hallsteinn Sigurðsson, kt. 010445-2219.

5. gr.
Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins telst vera kr. 2.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.
Stjórn.

Stjórnin er skipuð þremur stjórnarmönnum. Stjórn Myndhöggvarafélags Reykjavíkur skal skipa tvo stjórnarmenn og tvo varamenn í stjórn sjóðsins og skal skipun þeirra vera til þriggja ára í senn. Stjórn Myndhöggvarafélagsins endurnýjar skipun stjórnarmanna og varamanna á þriggja ára fresti. Stjórnarmenn og varamenn skulu ekki sitja í stjórn sjóðsins nema eitt þriggja ára tímabil.

Pá tekur einnig sæti í stjórn sjóðsins forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákværðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.
Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Nr. 1011

2. október 2020

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignerstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 2. október 2020,

Björn Hrafinkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. október 2020